

REGLUR

um fyrirspurnir til tollstjóra um tollflokkun vara.

Skilgreiningar.

1. gr.

Í reglum þessum hafa eftirfarandi orð þá merkingu sem hér segir:
Fyrirspyrjandi er hver sá sem óskar eftir upplýsingum tollstjóra um tollflokkun vöru.
Aðili er einstaklingur eða löggjafarstofa.
Tollstjóri er tollstjórinn í stjórnsýsluumdæmi Reykjavíkur og sýslumaður í öðrum stjórn-sýsluumdæmum.
Tollflokkun er að flokka vöru í númer samkvæmt flokkunarreglum tollskrár, sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Gildissvið.

2. gr.

Reglur þessar fjalla um rétt aðila til að leita eftir og fá aðstoð og leiðbeiningar tollstjóra um hvernig flokka skuli vörur samkvæmt flokkunarreglum tollskrár.

3. gr.

Sérhver aðili getur leitað eftir upplýsingum til tollstjóra um tollflokkun.
Tollstjóra er ekki skylt að verða við beiðni ef hún er augljóslega tilefnislaus eða ef ekki reynist unnt að svara fyrirspurn vegna ófullnægjandi upplýsinga eða gagna frá fyrirspyrjanda, sbr. þó 4. mgr. 4. gr. Synjun tollstjóra samkvæmt þessari málsgrein má bera undir ríkistollstjóra.

Fyrirspurn um tollflokkun.

4. gr.

Fyrirspurn um tollflokkun skal sett fram skriflega.
Ríkistollstjóri getur ákveðið að fyrirspurn sé sett fram á sérstöku eyðublaði og hvaða upplýsingar skuli þar koma fram.
Fyrirspurn skulu fylgja þau gögn sem eru nauðsynleg til þess að unnt sé að ákveða tollflokkun vöru, t.d. teikning, mynd, vörulýsing eða bæklingur, auk þess sem lagt skal fram sýnishorn af viðkomandi vöru ef nauðsyn ber til þess að mati tollstjóra.
Telji tollstjóri að fyrirspurn hafi ekki að geyma fullnægjandi upplýsingar eða henni fylgi ekki nauðsynleg gögn til þess að unnt sé að ákveða tollflokkun, skal fyrirspyrjanda tilkynnt að ekki sé unnt að taka afstöðu til tollflokunar og hvaða upplýsingar eða gögn vanti.

Svarfrestur.

5. gr.

Tollstjóri skal svara fyrirspurn skriflega svo fljótt sem við verður komið og eigi síðar en 30 dögum frá því að hún berst.
Hafi viðbótarupplýsingar eða gagna verið þörf samkvæmt 4. mgr. 4. gr., skal frestur samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar talinn frá því að fyrirspyrjandi lagði fram upplýsingar eða gögn sem á skorti.

Sending svars.

6. gr.

Tollstjóri skal senda ríkistollstjóra afrit af svari við fyrirspurn samkvæmt reglum þessum.

Ríkistollstjóri skal framsenda afrit af svari til ríkisskattstjóra ef upplýsingar um tollflokkun hafa sérstakt gildi fyrir skattyfirvöld.

Hafi fyrirspurn verið lögð fram af hálfu skattyfirvalda og upplýsingar um tollflokkn varða innlenda aðila sérstaklega, skal viðkomandi skattyfirvald framsenda þeim afrit af svari.

Réttaráhrif svars tollstjóra við fyrirspurn um tollflokkn.

7. gr.

Svar tollstjóra samkvæmt reglum þessum er leiðbeinandi fyrir fyrirspyrjanda og aðra þá, sem niðurstaða um tollflokkn kann að varða.

Svar við fyrirspurn skal ekki talið hafa efnisleg áhrif á rétt eða skyldu fyrirspyrjanda ef til ágreinings kemur síðar á milli hans og töllyfirvalda eða annarra stjórnvalda (t.d. skattyfirvalda) vegna gjaldskyldu sem bundin er tilteknum tollskrárnúmerum.

Hafi reglur um tollflokkn breyst eða telji tollstjóri, ríkistollstjóri eða önnur stjórnvöld að upplýsingar sem gefnar hafa verið um tollflokkn samkvæmt reglum þessum séu rangar, hafa þær ekki gildi að lögum.

8. gr.

Tollstjóri skal afturkalla svar um tollflokkn og veita leiðréttar upplýsingar ef í ljós kemur að niðurstaða var röng.

Úrskurðarvald og kæruleiðir.

9. gr.

Rísi ágreiningur um tollflokkn þegar gjaldskylda er bundin tollskrárnúmerum, sbr. 2. mgr. 6. gr., fer um úrskurðarvald eftir því sem við getur átt eftir ákvæðum þeirra laga og fyrirmla samkvæmt þeim, sem gjaldskylda er byggð á, sbr. t.d. tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, lög um vörugjald nr. 97/1987, með síðari breytingum, lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með síðari breytingum og lög um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. nr. 29/1993.

Gildistaka.

10. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 10. mars 1994.

F. h. r.

Jón H. Steingrímsson.

Margrét Gunnlaugsdóttir.